

Eftir þessum úrslitum málsins ber stefndum að greiða kostnað málsins og sundurliðast hann þannig:

1. Málskostnaður stefnanda og málflutningslaun samkvæmt framlögðum reikningi kr. 1754.75
2. Ferðakostnaður dómenda, kr. 450.00, og dagpeningar, kr. 400.00, eða alls — 850.00
og verður málskostnaður því samtals kr. 2604.75

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að dómur væri kveðinn upp í málinu, stafar af marghátuðum önnum formanns dómsins, undirbúningi undir manntalsþing og þingafærðum.

Þvi dæmist rétt vera:

Landamerki milli Mógilsár og Kollafjarðar skulu vera þessi:

Frá sjó ráði Hvitá, eins og hún rennur til sjávar fyrir sunnan Sandeyri við Kollafjarðarbotn, upp að malarkambi og gegnum hann, síðan til norðurs meðfram malarkambinum að tjörninni, sem áin myndar fyrir austan malarkambinn, og síðan eftir farveginum í miðri tjörninni. Eftir það ráði áin frá því að hún rennur í tjörnina til upptaka og úr því stytta lina í Esjubrún.

Málskostnað greiði stefndur, landbúnaðarráðherra f. h. jarðakaupasjóðs ríkisins, með kr. 2604.75.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. nóvember 1944.

Nr. 81/1943. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Paul A. S. Wiberg. (Lárus Fjeldsted).

Ólöglegar veiðar togara í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að héraðsdómur var upp kveðinn, hafa yfirmenn varðskipsins gefið frekari skýrslu fyrir dómi um töku togarans, Leivur Össurson T.G. 32 og staðarákvarðanir sínar og mælingar. Þá hefur og forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjóuppdrátt stað þann, þar sem

greindur togari var stöðvaður. Reyndist sá staður bæði samkvæmt staðarmörkun yfirmanna varðskipsins og afmörkun skólastjórans að vera 1,3 sjómilur innan landhelgilínu. Er það því sannað, að kærði var að veiðum í landhelgi, þegar hann var tekinn.

Ber samkvæmt þessu að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 800 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Paul A. S. Wiberg, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Fjeldsteds, 800.00 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Barðastrandarsýslu 4. september 1943.

Ár 1943, laugardaginn 4. september, var í lögreglurétti Barðastrandarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af sýslumanni Jóhanni Skaptasyni, kveðinn upp dómur í lögreglumálinu nr. 16/1943: Valdstjórnin gegn Poul Anders Siegfred Wiberg, Tveraa, Færeyjum.

Kærður Poul Anders Siegfred Wiberg er skipstjóri á togaranum Leivur Össurson frá Tveraa í Færeyjum T.G. 32. Hann hefur ekki áður, svo vitað sé, sætt kærú fyrir brot á íslenzku fiskveiðalöggjöfni.

Málið er höfðað gegn honum fyrir brot á lögum nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 frá 1924. Það var rannsakað og dómtekið í dag.

Í morgun kl. 7,10, er varðskipið Óðinn var að landhelgigæzlu fyrir Vestfjörðum og lét reka út af Svalvogsvita, sást til ferða

botnvörpungs, er virtist að veiðum í landhelgi. Var þá haldið til hans. Kl. 7,38 var dregið upp stöðvunarkerki og kl. 7,40 stöðvað við hlið togarans. Reyndist togarinn vera færeyski togarinn Leivur Össurson T.G. 32, og var hann að veiðum með bakborðsvörpu. Á sama tíma stöðvaði botnvörpungurinn, og var þá látið út dufl við hlið hans.

Staður duflsins var:

Barðinn v.k.	> 93° 00'
Álftamýrartangi	> 86° 00'
Straumnnes v.k. (Blakkur)	
og	
Barðinn v.k.	> 32° 53'
Svalvogaviti	> 71° 40'
Bíldudalshryggur	
Dýpi 48 metrar.	

Þessi staðarákvörðun sýnir, að togarinn var 1,3 sjómílar innan við landhelgilínuna. Kærðum var þá boðið að gera sjálfur staðarákvörðun með tækjum varðskipsins. Hann þáði það ekki, en talaði um að láta stýrimanninn gera það. Af því varð þó ekki.

Hér fyrir réttinum hefur kærður lýst því yfir, að hann trúir því, að hann hafi verið að veiðum í landhelgi fyrst varðskipstjórinn fullyrði það, og skýrslu varðskipstjórans kveðst hann ekki geta mótmælt. Hann bendir aðeins á það, að hann hafi ekki ætlað að fiska í landhelgi og að samkvæmt sínum mælingum hafi hann talið sig vera utan landhelgi, en jafnframt bendir hann á það, að sjókort sitt sé ekki eins nákvæmt sem kort varðskipstjórans.

Það verður því að teljast, að kærður viðurkenni, að hann hafi gerzt sekur um botnvörpuveiðar í landhelgi.

Brot hans varðar við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Refsing hans þykir hæfilega ákveðin kr. 29500,00 sekt, og er þá tekið tillit til þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er í dag kr. 33.90. Sektin renni í landhelgisjóð Íslands.

Verði sektin eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, afpláni kærður hana með 7 mánaða varðhaldi. Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir togstrengir togarans Leivur Össurson T.G. 32 frá Tveraa, eins og það er nú um borð í togaranum, gert upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Poul Anders Siegfred Wiberg, greiði kr. 29500.00 sekt til landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir togstrengir togarans Leivur Óssurson sé upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1944.

Kærumálið nr. 11/1944. Alþýðusamband Íslands f. h. verka-
mannafélagsins Dagsbrúnar

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands.

Vitnaskylda sáttamanns í vinnudeilum.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 3. þ. m. og hingað komnu samdægurs hefur félagsdómur sent hæstarétti kæru sóknaraðilja í máli ofan-
greindra aðilja, sem rekið er fyrir félagsdómi. Krefst sókn-
araðili þess aðallega, að hinum kærða úrskurði verði hrund-
ið og heimilað að leggja 3. og 4. spurningu, er í úrskurð-
inum getur, fyrir þar greint vitni. Til vara krefst hann þess,
að leyft verði að leggja 3. spurninguna fyrir vitnið. Svo
krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir
hæstarétti eftir mati dómsins. Varnaraðili krefst staðfesting-
ar á hinum kærða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæsta-
rétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að
staðfesta hann. Samkvæmt því ber sóknaraðilja að greiða
varnaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst kr.
150.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Alþýðusamband Íslands f. h. Verka-